

Sérdeild

Sérdeildin sinnir kennslu og þjálfun barna með þroskahömlun og aðrar viðbótar fatlanir. Nemendurnir þurfa mjög sérhæfða einstaklingsmiðaða kennslu, þjálfun og umönnun. Þeirra fötunum fylgja erfiðleikar við skynjun, rökhugsun, boðskipti, líkamsbeitingu, sjálfshjálp, félagsleg samskipti og athafnir daglegs lífs. Nemendurnir þurfa stöðugt eftirlit vegna fötunar.

Tími: Kennslutímafjöldi nemendanna miðast við Aðalnámskrá grunnskóla og er allur skólatími nemendanna kennsla/þjálfun og umönnun.

Kennslurými: Kennslan/þjálfunin fer fram í sérdeild Giljaskóla, Frístundarrými, stofu 202, kennslustofum sérgreina, íþróttahúsinu, fimleikasalnum, í þjálfunarlauginni og sundlaug Akureyrar.

Þjálfunarlaug



Markmið deildarinnar eru:

- Að nemendur öðlist eins mikinn þroska, færni og þekkingu og unnt er út frá forsendum hvers og eins.
- Að nemendum líði vel í skólanum og upplifi öryggi og vellíðan.
- Að nemendur fái tækifæri til náms við hæfi.
- Að búa nemendum umhverfi sem er jákvætt og hvetjandi.
- Að viðhalda og auka þekkingu og færni til að takast á við athafnir daglegs lífs.

Kennsluaðferðir: Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvern nemanda í upphafi skólaárs. Hún er byggð á mati kennara á stöðu nemandans, upplýsingum frá foreldrum, öðrum fagaðilum og Aðalnámskrá grunnskóla. Kennslan/þjálfunin er einstaklingsmiðuð og skal taka mið af þörfum, þroska, færni, áhuga og aldri nemandans og að hann eigi kost á fjölbreyttu námstilboði, sérvöldum námsgögnum og skipulögðum kennsluaðstæðum.

Stundaskrá: Stundarskrá er í flestum tilfellum myndræn og er einstaklingsmiðuð. Hún gefur upplýsingar til nemenda með þeim boðskiptaleiðum sem þeir skilja, um það sem er á dagskrá hverju sinni. Athöfnum dagsins er raðað upp í tímaröð. Sjónrænt skipulag og sjónrænar leiðbeiningar einfalda nám, breytingar og yfirfærslu. Þær draga úr heyrnrænu áreiti, verkefnin verða skýr og skipulögð og beina athyglinni að því sem skiptir máli.

Myndræn stundatafla

Hugmyndafræði: Þarfir nemendanna eru ólíkar og því er unnið eftir mörgum mismunandi aðferðum. Meðal annars hafa eftirtaldar kenningar/ hugmyndafræði mótað og haft áhrif á starfið í sérdeild:



- Tákn með tali - tjáskiptaaðferð.
- Líkamsörvun á frumstigi Frölich og Haupt.
- Skipulögð vinnubrögð byggð á hugmyndafræði TEACCH, - E. Schopler.
- Pecs - myndrænt boðskiptakerfi
- Efling líkamsvitundar, tengsla og boðskipta Ch. og M. Knill
- Örvun og kennsla daufblindra og barna á skynhreyfistigi Lilli Nilsen
- Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir- aðrar leiðir en talmál s.s. svipbrigði, bendingar, tákn, myndir og notkun augnstýribúnaðar, tjáskiptatæki.



- Kennslugögn

- Ýmis kennslugögn sem tengjast skynörvun - Sérútbúin kennslugögn unnin af kennurum sem tengjast hugmyndafræði TEACCH.
- Tölva með snertiskjá, rofar og ýmis kennsluforrit til rofapjálfunar, sjónörvunar, hugsunar og þjálfunar á samhengi orsakar og afleiðingu.
- Tjáskiptatæki- Tobii Dynavox og hugbúnaðurinn Communicator 5 og TD snap
- Tölva með snertiskjá
- Augnstýribúnaður
- Boltabað, boltasæng, nudddýna, hengirúm, róla, rúllupúði sjúkrapjálfunarboltar og trampólín fyrir skyn- og grófhreyfipjálfun. Einnig pallar, rimlar og þreyfiteppi. - Ljósagardínur, ljósasúla, seríur, blacklight ljós og leikföng og auk þess sérútbúnaðar myndir fyrir sjónörvun.
- Gítar, heimatilbúin myndræn valspjöld og ýmsar tegundir af hljóðgjöfum.
- Ýmis málörvunargögn s.s. tafla með daga-mánaðar- og veðurspjöldum, hljóðalottó og fl.
- Myndræn gögn til boðskipta - og hugtakapjálfunar.
- Smartboard tafla með snertiskjá og myndvarpi sem hægt er að tengja við Smartboard töfluna.

- Ýmsir rofar til boðskipta sem hægt er að tala inn á.
- Talvélar.
- Skjávarpi.
- Ipad og ýmis forrit til þjálfunar.



Black light

Mikilvæg atriði: Nemandi mætir stundvíslega í skólann. Fjarvistir og veikindi þarf alltaf að tilkynna strax og það þarf að gera alla veikindadagana. Mikilvægt er að nemendur komi með hollt og gott nesti í skólann og með fatnað í samræmi við veður. Nemendur verða að hafa með sér þann auka útbúnað sem miðast að þörfum hvers og eins t.d. aukaföt, sundföt og snyrtidót til sundferða og fleira. Foreldrar bera ábyrgð á að koma upplýsingum um akstur barna sinna og breytingum á honum til ferliþjónustunnar.

Lyf sem nemendur koma með í skólann þurfa að vera í merktum lyfjaboxum eða lokuðum sprautum. Mikilvægt er að foreldrar gefi starfsmönnum alltaf upplýsingar um breytingar á lyfjum.

Nemendur sérdeildar geta átt við alvarlegar atferlistruflanir að stríða. Þeir þurfa oft meiri stýringu við ýmsar athafnir og ekki síst þegar þeir sýna óæskilega hegðun. Það kemur fyrir að það þurfi að færa nemanda úr aðstæðum vegna hegðunar til þess að koma í veg fyrir að hann skaði sjálfan sig eða aðra eða eyðileggi hluti í umhverfinu.

Umönnun: Stór þáttur í daglegu starfi sérdeildar er umönnun og eru boðskipti og ýmiss konar örvun á sviði skynjunar fléttuð inn í umönnunina og allar aðrar athafnir daglegs lífs.



Vinnuverkefni

Námsmat: Mat á þátttöku, virkni, líðan og framförum nemenda fer fram með símati, skráningu, ljósmyndum, myndbandsupptökum og með myndrænu/skriflegu námsmati í lok vetrar. Endurskoðun á kennsluaðferðum, kennslugögnum og kennsluaðstæðum fer fram með símati.

Fundir: Teymisfundir sem umsjónarkennarar skipuleggja í samstarfi við Velferðarsvið Akureyrarbæjar, foreldra og aðra þá sem koma að nemandanum eru haldnir a.m.k. þrisvar sinnum yfir skólaárið fyrir hvern nemanda og oftar ef þurfa þykir.

Þessa fundi sitja alltaf: Ráðgjafar frá Velferðarsviði, foreldrar, kennarar, tengiliður við skólavistun. Einnig koma reglulega á fundina

talmeinafræðingar, iðjubjálfar, sjúkrabjálfarar og aðrir sem tengjast umönnun og þjálfun nemendanna. Atferlisfræðingar, félagsráðgjafar og barnalæknar frá Ráðgjafar- og greiningastöð stöð ríkisins hafa einnig setið í teymi vegna nemenda í sérdeild. Kennarar funda með foreldrum og samstarfsfólki eins oft og þurfa þykir.

Sérdeildin hefur samstarf við ýmsa aðila m.a:

- Akureyrarbæ- velferðarsvið/fræðslu og lýdheilsusvið
- Skólavistun Þórunnarstræti 99
- Skammtímavistun Þórunnarstræti 99
- Heimilið Sporatún 43 og skóla- og skammtímavistun Sporatúni 43
- Endurhæfingarstöðina á Bjargi, sjúkrabjálfara og iðjubjálfa -
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.
- Greiningar-og ráðgjafarfastöð ríkisins
- Ferliþjónustu Akureyrarbæjar

Ráðgjöf: Sérdeild Giljaskóla hefur ráðgefandi hlutverki að gegna.

Markmiðið er að aðstoða við þróun starfshátta svo að betur megi koma til móts við þarfir nemenda með mikla greindarfötlun í almennu skólakerfi. Ráðgjöf getur verið til kennara, foreldra og annarra sem tengjast hópi nemenda. Eftirtaldir þættir geta falist í ráðgjöf deildarinnar:

- mat á námsstöðu
- aðstoð við gerð námsáætlna
- aðstoð við val á kennsluaðferðum
- aðlögun námsefnis

Starfsmenn í sérdeild: Í sérdeild er unnið í teymi. Hver kennari hefur sinn umsjónarnemanda eða nemendur en allt starfsfólk sérdeildar kemur að kennslu, þjálfun og umönnun flestra nemendanna. Í sérdeild er einstaklingskennsla að hluta til en einnig hóptímar sem kennarar skipuleggja og stjórna. Starfsmenn sérdeildar má finna undir tenglinum starfsmenn á heimasíðu skólans.

Námsgreinar:

Boðskipti - skilningur / frumboðskipti/tjáning

Stafa - og tölu innlög

Náttúrufræði/kynfræðsla

Augnstýring - þjálfun í að stjórna tölvu með augunum

Vinnuþjálfun - Hugsun / rökhugsun /stærðfræði - vinnuþjálfun, rofar, tölvur, orsök/afleiðing, magn/rúm skilningur, tímaskilningur

Skynnám - líkamsskynjun og skynörvun.

Hreyfinám - leikfimi, sund, vatnsþjálfun, líkamsæfingar.

Athafnir daglegs lífs (ADL) -hreinlæti, borðhald, klæðnaður, umferli.

Félagsfærni / samfélagsfræði - hópastarf, samleikur vettvangsferðir, tengslabekkir.

Heimilisfræði/hópastarf - tengt ákveðnum verkefnum.

Tónmennt - innan sérdeildar.

Smíðar - tengdar ákveðnum verkefnum.

Bókasafn- hlustun/umræður

Ferli umsókna um skólavist í sérdeild

Nauðsynlegt er að skólanum séu kynntir nýir nemendur með a.m.k. árs fyrirvara þannig að hægt sé að hefja undirbúning og deildin verði vel í stakk búin til þess að sinna þörfum þeirra.

Undirbúningur felst m.a. í eftirfarandi:

- kynnast nemanda og foreldrum og kynna þeim skólastarfið
- fara í heimsóknir á leikskóla til að kynnast búnaði og aðstæðum · undirbúa drög að námsáætlun
- undirbúa starfsfólk t.d. með námskeiðum
- gera innkaup á sértækum búnaði
- gera fjárhagsáætlun.

Ferli umsókna:

- Velferðarsvið í samvinnu við fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar fer með málefni barna með fatlanir og hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart þeim og fjölskyldum þeirra · Velferðasvið skal kynna sérdeild og nýja nemendur og boða til fundar með forráðamönnum og fagfólki sem sinnir barninu
- Nemendakynning skal fara fram á vorönn, rúmu ári áður en nemandi innritast í skóla. Þá skal fara fram mat á þeim möguleikum sem skólakerfið hefur uppá að bjóða fyrir viðkomandi nemanda.
- Ákvörðun um skólagöngu skal liggja fyrir eigi síðar en ári áður en nemandi hefur skólagöngu.

- Þegar ákvörðun hefur verið tekin um skólagöngu sækja foreldrar formlega um skólavist.
- Skólastjóri tekur við málinu og hefur undirbúning skólabyrjunar ásamt tilgreindum sérfræðingum skólateymis Fjölskyldudeildar, foreldrum og öðrum sem málið kann að varða.

Ráðgjöf sérdeildar

Sérdeild Giljaskóla hefur ráðgefandi hlutverki að gegna. Markmiðið er að aðstoða við þróun starfshátta svo að betur megi koma til móts við þarfir nemenda með mikla greindarfötun í almennu skólakerfi.

Ráðgjöf getur verið til kennara, foreldra og annara sem tengjast hópi nemenda. Eftirtaldir þættir geta falist í ráðgjöf deildarinnar:

- mat á námsstöðu
- aðstoð við gerð námsáætlana
- aðstoð við val á kennsluaðferðum
- aðlögun námsefnis
- aðstoð við val á kennslugögnum og tækjum til fræðslu.

Beiðni um ráðgjöf er send á Velferðarsvið sem er í samvinnu við fræðslu- og lýðheilsusvið. Í beiðni skal vandinn skilgreindur ítarlega. Skólastjóri metur hvernig beiðni skuli sinnt í samráði við starfsmenn sérdeildar og felur viðkomandi fagmanni málið. Grundvöllur að

árangursríkri ráðgjöf er gott samstarf, gagnkvæm virðing og traust ríki á milli ráðgjafa og ráðþega. Samningur er gerður á milli viðkomandi í þeim tilgangi að skilgreina innihald, leiðir og framvindu verkefnisins.

Í lok ráðgjafaferlis er tekin ákvörðum um eftirfylgd. Ráðgjöfin fer fram í heimaskóla á Akureyri og í sérdeildinni. Liggi fyrir skrifleg beiðni frá öðru sveitarfélagi um ráðgjöf í heimaskóla er ráðgjöfinni sinnt þar. Viðkomandi sveitarfélag stendur straum af kostnaði við ráðgjöfina.

Giljaskóli 2023